

Greinargerð um starf Norrænu ráðherranefndarinnar að jafnréttismálum 2024

Efnisyfirlit

1. SAMANTEKT	2
2. INNGANGUR	4
UM GREINARGERÐINA	5
3. HVERNIG SVIÐIN Hafa UNNIÐ MEÐ JAFNRÉTTISSJÓNARMÍÐIÐ	7
HELMINGUR SVIÐANNA HEFUR ÁFRAM GERT GREININGAR Á STÖÐU JAFNRÉTTISMÁLA	7
JAFNRÉTTISMARKMIÐ OG JAFNRÉTTISMÁL Í ÝMSUM STEFNUMÓTANDI SKJÖLUM	8
MEIRIHLUTI SEGIR ÞÖRF Á MEIRI GÖGNUM OG ÞEKKINGU	9
SJÓNARMÍÐ JAFNRÉTTIS FLÉTTUÐ INN Í HINA ÝMSU FERLA	11
SJÓNARMÍÐIÐ TALIÐ Hafa MEIRA VÆGI EN Á ÁRINU Á UNÐAN	12
4. AÐGERÐIR OG VERKEFNI SVIÐANNA	13
JAFNRÉTTI Í TENGLUM VIÐ STYRKI OG STYRKJAKERFI	18
5. FYRIRSVAR Í NEFNDUM OG STARFSHÓPUM	20
6. STARF MR-JÄM Á TÍMABILINU	23
7. NIÐURSTÖÐUR	26



1. Samantekt

Norðurlönd hafa lengi verið fyrirmynd annarra ríkja í jafnréttismálum, en þrátt fyrir að þau standi sig betur en mörg önnur í jafnréttismálum eru áskoranirnar enn margar.

Ráðherranefndin um jafnrétti og hinsegin mál hefur unnið að vinnumarkaði og hagvexti framtíðarinnar með aðgerðum sem beinast að launamun milli kynja og kynferðislegri áreitni á vinnumarkaði. Með áframhaldandi vinnu við veggisinn „pushing back the pushback“ hefur vinna að velferð, heilsu og lífsgæðum verið í forgrunni til að ýta undir jafnrétti, réttindi kvenna og stúlkna og jafnan rétt til handa hinsegin fólki á alþjóðavísu. Einnig hefur verið lög áhersla á jafnrétti í tengslum við græn umskipti til að efla jafnrétti að því er varðar völd og áhrif og þá hefur jafnréttisvinna með áherslu á karlmenn og karlmennsku meðal annars leitt til nýrrar þekkingar um slæma geðheilsu ungra karlmannna á Norðurlöndum.

Í 9. markmiði [framkvæmdaáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar 2021–2024](#) er því lýst yfir að samþætta og innleiða skuli sjónarmið sjálfbærrar þróunar, jafnréttis, barna og ungs fólks í allt starf Norrænu ráðherranefndarinnar. Í 10. markmiði er því enn fremur lýst yfir að jafnrétti sé forsenda þess að umskipti í samfélaginu geti verið inngildandi. Í [stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um samþættingu sjálfbærrar þróunar, jafnréttis og sjónarmiða réttinda barna og málefna ungs fólks](#) (sem hér eftir er nefnd stefna Norrænu ráðherranefndarinnar eða stefnan) kemur fram að þessi sjónarmið skuli höfð að leiðarljósi í öllu starfi ráðherranefndarinnar. Þverlæg sjónarmið, þar á meðal um jafnrétti, eru forsenda þess að markmiðinu um að vera sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030 verði náð. Ár hvert ber Norrænu ráðherranefndinni að gera Norðurlandaráði grein fyrir vinnu sinni að því að flétta sjónarmið jafnréttis inn í starfsemi sína.

Á þessu tímabili vinna mörg svið að málum sem snúa að auknu jafnrétti á vinnumarkaði, í menntakerfinu og grænum umskiptum. Þetta endurspeglast í verkefnum með áherslu á réttindi og jafnræði, til dæmis fyrir hinsegin fólk. Hin ýmsu svið Norrænu ráðherranefndarinnar leggja þannig sitt af mörkum til áherslusviða í jafnréttismálum. Á næsta samstarfstímabili (2025–2030) verður einnig mikilvægt að leggja sameiginlega og þverfaglega áherslu á þær áskoranir sem fagsviðin benda á.

Eftirfarandi greinargerð bregður líkt og greinargerð fyrra árs í megindráttum upp jákvæða mynd af vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar að jafnréttismálum og innleiðingu sjónarmiða jafnréttis í starfseminu.

- Öll svið geta nefnt dæmi um það hvernig þau unnu að jafnrétti eða fléttuðu jafnréttissjónarmið inn í skipulag og framkvæmd verkefna og gerð



samstarfsáætlana og annarra stefnumótandi skjala. Greina mátti í svörum sumra sviðanna að Norræna ráðherranefndin hefur verið í fasa þar sem unnið hefur verið að nýrri samstarfsáætlun, til dæmis með vinnu þeirra að áhrifamati.

- Jafnréttissjónarmið eru að verða sífellt samofnari þáttur hinna ýmsu styrkja, framlaga og auglýsinga Norrænu ráðherranefndarinnar. Þó er mikilvægt að halda áfram að bæta getu styrkþega til að flétta jafnréttissjónarmið inn í störf sín og að efla sjónarmiðin í markmiða- og árangursstjórnun.
- Helmingur fagsviðanna greinir enn frá því að þau hafi unnið ítarlegri greiningar á starfsemi sinni út frá jafnréttissjónarhorni og sett sviðinu sérstök markmið í jafnréttismálum. Um leið kallar meirihluti fagsviðanna (12 af 15) eftir auknum gögnum og þekkingu um jafnrétti innan síns starfssviðs. Niðurstöðurnar má túlka með mismunandi hætti. Þær gætu gefið til kynna aukna áherslu á jafnréttismál í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar. Aukin þekking á og notkun á jafnréttisvísunum í [Nordic Statistics-gagnagrunninum](#) mun gefa aukna innsýn og greiningu fyrir vinnu fagsviðanna að samþættingu.
- Samantekt ársins sýnir að viðmið stefnunnar um jafna 40-60 prósent kynjaskiptingu í starfshópum og nefndum náðist ekki. Í flestum hópunum er kynjaskiptingin nokkuð jöfn en enn eru hópar innan ýmissa sviða þar sem samsetningin nær ekki 40/60-markmiðinu. Þess vegna er mikilvægt að komast að því hvernig Norræna ráðherranefndin getur beint samsetningu nefnda og starfshópa í átt að auknu jafnrétti.

Á heildina litið starfar Norræna ráðherranefndin að mörgu leyti og innan margra sviða á hátt sem er í góðu samræmi við [stefnuna](#). Um leið er ljóst að mjög mismunandi er hversu umfangsmiklar og ítarlegar skýrslur sviðanna eru. Þess vegna er mikilvægt að halda áfram að tryggja samþættingu jafnréttissjónarmiða með sambærilegum hætti í allri Norrænu ráðherranefndinni bæði hvað varðar framkvæmd og endurskoðun. Það er nauðsynlegt til að við náum í sameiningu markmiðinu um að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030.



2. Inngangur

Með [Framtíðarsýn okkar 2030](#) setti Norræna ráðherranefndin markið hátt varðandi hin þverlægu sjónarmið um sjálfbæra þróun, jafnrétti og sjónarmið réttinda barna og málefni ungs fólks. Í [stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um samþættingu sjálfbærrar þróunar, jafnréttis og sjónarmiða réttinda barna og málefna ungs fólks](#) kemur fram að þessi sjónarmið skuli höfð að leiðarljósi í öllu starfi ráðherranefndarinnar. Innleiðing þessara sjónarmiða er forsenda þess að Norðurlönd nái því markmiði sínu að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030.

Norðurlönd hafa lengi verið fyrirmynd annarra ríkja í jafnréttismálum. Hér er rík hefð fyrir því að stuðla að jafnrétti með löggjöf, víðtæku velferðarkerfi, umönnun barna og mikilli áherslu á mannréttindi. Jafnrétti er ekki aðeins spurning um réttlæti heldur stuðlar það einnig að hagvexti og félagslegri samheldni. Þrátt fyrir að norrænu löndin standi sig betur en mörg önnur í jafnréttismálum eru margar áskoranir enn til staðar. [Nordic Statistics-gagnagrunnurinn](#), sem geymir tölfræði Norrænu ráðherranefndarinnar frá miðjum 7. áratugnum, rekur þróun jafnréttismál út frá tilteknum vísum. Niðurstöðurnar sýna til dæmis langvarandi launamun karla og kvenna og að enn er kynjaskipting á vinnumarkaði. Talnagögnin sýna einnig þróun mismunandi menntastigs og námsárangurs kvenna og karla. Mismunurinn er í sumum tilvikum verulegur og fer í sumum tilvikum vaxandi. Vísarnir sýna einnig að enn eru hlutfallslega færri í æðstu stöðum og stjórnun í atvinnulífinu. Heilt yfir eru gögnin skýr – setja þarf jafnréttismál í forgang og samþætta þau sem sjónarmið innan margra pólitískra sviða til að jafnrétti verði náð.

Í [framkvæmdaáætlun tímabilsins 2021–2024 fyrir Framtíðarsýn 2030](#) hefur Norræna ráðherranefndin því sett tvö markmið – markmið 9 og 12 – snúa sérstaklega að jafnréttismálum.

- Markmið 9: Norræna ráðherranefndin mun stuðla að gæðum, jafnræði og öryggi í heilbrigðis- og velferðarþjónustu fyrir alla.
- Markmið 12: Norræna ráðherranefndin mun viðhalda trausti og samheldni á Norðurlöndum, sameiginlegum gildum og norrænu samfélagi með áherslu á menningu, lýðræði, jafnrétti, inngildingu, jafnræði og tjáningarfrelsi.

Þá segir einnig í framkvæmdaáætluninni: „Norræna ráðherranefndin mun samþætta og innleiða sjónarmið sjálfbærrar þróunar, jafnréttis og sjónarmið barna og ungs fólks í allt starf Norrænu ráðherranefndarinnar,“ og „[...] innleiða nýjan málaflokk í norrænu



samstarfi um jöfn tækifæri, jafnræði og jöfn réttindi LGBTI einstaklinga á Norðurlöndum”.

Ár hvert ber Norrænu ráðherranefndinni að gera Norðurlandaráði grein fyrir vinnu sinni að því að flétta sjónarmið jafnréttis inn í starfsemi sína. Þessi greinargerð lýsir því hvernig starfið hefur gengið hjá fagsviðunum með hliðsjón ofangreindu stefnumótandi skjali, Framtíðarsýn 2030, stefnu um samþættingu og framkvæmdaáætluninni. Greinargerðin fjallar einnig um vinnu MR-JÄM að markmiðunum í [samstarfsáætluninni um jafnréttismál](#) (2019–2024). Eftirfarandi greinargerð gildir formlega um árið 2024 en svarendur voru beðnir um að taka einnig með þær aðgerðir sem komið hafa til framkvæmda frá síðustu greinargerð, þ.e. frá því í júní 2023.

Um greinargerðina

Greinargerðin er byggð á upplýsingum frá 15 fagsviðum og málefnasviðum innan Norrænu ráðherranefndarinnar. Með það fyrir augum að einfalda lestur eru bæði formleg fagsvið og málefnasvið nefnd „svið“ í greinargerðinni.

1. Vinnumál (MR-A)
2. Börn og ungmenni (MR-SAM)
3. Stafvæðing (MR-DIGITAL)
4. Efnahagur og fjármál (MR-FINANS)
5. Sjávarútvegur, landbúnaður, matvæli og skógrækt (MR-FJLS)*
6. Stjórnsýsluhindranir (MR-SAM)
7. Sjálfbær þróun (MR-SAM)
8. Samþætting (MR-SAM)
9. Alþjóðlegt samstarf og norðurskautssvæðið (MR-SAM)
10. Dómsmál (MR-JUST)
11. Menningarmál (MR-K)
12. Umhverfi og loftslag (MR-K)
13. Atvinnulíf, orka og byggðamál (MR-TILLVÄXT)*
14. Félags- og heilbrigðismál (MR-S)
15. Menntun og rannsóknir (MR-U)

* Fyrir sviðið Fiskveiðar og fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) hefur svörunum frá undirsviðunum þremur um sjávarútveg, landbúnað og skógrækt og matvæli verið slegið saman. Fyrir sviðið Atvinnulíf, orka og byggðamál (MR-TILLVÄXT) hafa svörin frá undirsviðunum þremur um atvinnulíf, orkumál og byggðamál verið slegið saman.

Samskiptasvið skilaði inn lýsingu á verkefnum sínum og er fjallað um svör sviðsins í 4. kafla.



Sviðin svöruðu sama spurningalista og í fyrra – sem þá hafði verið þróaður frá fyrri árum. Í spurningalistanum sem sviðin svöruðu í apríl og maí 2024 voru þau beðin um að gera grein fyrir því hvernig þau höfðu starfað með hliðsjón af stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar og gefa dæmi um verkefni og starfshætti. Þessi greinargerð er byggð á svörum þeirra við þessum spurningalista.

Þar sem sviðin svara nú sama spurningalista annað árið í röð er hægt að gera ýmsan samanburð við fyrri ár. Þó ber að túlka mögulegar breytingar með fyrirvara. Tímabilið er of stutt til að greina megi skýra þróun. Svarin geta einnig verið breytileg eftir því hver innan sviðsins svarar spurningalistanum.

Svörin voru upprunalega gefin á dönsku, norsku eða sænsku en þýdd yfir á sænsku fyrir lokaútgáfu greinargerðarinnar.

Um innri vinnu við samþættingu

Öll svið og stofnanir, auk skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar, bera ábyrgð á því að flétta sjónarmið jafnréttis inn í starfsemina. Á skrifstofunni hefur verið ýtt úr vör verkefni til þess að innleiða stefnuna þar sem vinna við að flétta inn sjónarmið sjálfbærrar þróunar, jafnréttis, réttinda barna og málefna ungs fólks fer fram jöfnum höndum.

Árið 2024 hefur meira en helmingur allra sviðanna fengið verkferlisstuðning við framkvæmd áhrifamats á málefnasviði sínu, sem er vinna sem stuðlar að því að flétta jafnréttissjónarmið inn í stefnumótunarstarf fyrir tímabilið 2025–2030. Auk þess hefur í verkefninu áfram verið lögð áhersla á færniþróun og að skiptast á reynslu og bestu venjum við norrænu stofnanirnar og skrifstofurnar í Eystrasaltsríkjunum. Mat utanaðkomandi aðila hefur verið tekið upp til að greina niðurstöður verkefnisins og til að skapa tillögur fyrir áframhaldandi starf Norrænu ráðherranefndarinnar að samþættingu.



3. Hvernig sviðin hafa unnið með jafnréttissjónarmiðið

Í eftirfarandi kafla er farið yfir það hvernig sviðin hafa lagt áherslu á og fléttað sjónarmið jafnréttis í starf sitt.

Helmingur sviðanna hefur áfram gert greiningar á stöðu jafnréttismála

7 af 15 sviðum svöruðu spurningunni um hvort farið hefði fram greining á jafnréttistengdum þáttum innan sviðsins á tímabilinu 2023–2024 játandi. Þau svið sem svöruðu játandi voru einnig beðin um að lýsa því hvaða gögn eða tölfræði þau hefðu notað.

Vinumál (MR-A) nefnir skýrsluna [Toward a more inclusive labour market in the Nordics 3: A Multitude of barriers](#), sem er sú þriðja í verkefni sem rannsakar hvernig auka má þátttöku ýmissa jaðarsettra hópa í atvinnulífinu. Skýrslan sýnir meðal annars fram á kynjamun að því er varðar hindranir fyrir því að ná fótfestu á vinnumarkaði. Sviðið greinir einnig frá því að embættismannanefndin (ÅK-A) nýtir reglulega tölfræði frá Eurostat til að varpa ljósi á ýmsar hliðar jafnréttismála í tengslum við þau málefni sem hún vinnur að.

Svið fiskveiða og fiskeldis, landbúnaðar, matvæla og skógræktar (MR-FJLS) nefnir ársskýrslurnar frá [Nordic Forest Research \(SNS\)](#) og [The Nordic Joint Committee for Agricultural and Food Research \(NKJ\)](#), sem hafa að geyma vísa fyrir stöðu jafnréttis.

Sambætting (MR-SAM) greinir frá því að sviðið hafi lagt sérstaka áherslu á það hvernig konur af erlendum uppruna ná fótfestu á vinnumarkaði. Í því starfi notaði sviðið talnagögn sem Norræna rannsóknastofnunin í skipulags- og byggðamálum (Nordregio) hefur tekið saman og sem m.a. inniheldur niðurstöður úr launakönnun Eurostat. Starfið sýnir að enn er munur á ráðningarhlutfalli kynjanna alls staðar á Norðurlöndum. Fagsvið sambættingar nefnir einnig starf sviðsins um stöðu drengja í skóla og hvernig þeir standa sig verr en stúlkur. Gögn sýna að munurinn er sérstaklega mikill á meðal drengja og stúlkna af erlendum uppruna.

Menningarmál (MR-K) nefnir skýrsluna [Kulturens roll och nytta i samhällsutvecklingen – En kunskapsöversikt med utgångspunkt i forskning och de nordiska ländernas kulturpolitik](#) sem kom út í janúar 2024. Skýrslan skoðar m.a. hlutverk lista og menningar í jafnréttismálum, fjölbreytni og félagslegri þróun. Árið 2023 tók Norræna menningargáttin (NKK) saman „fjölbreytnitölfræði“ sem einnig inniheldur gögn varðandi kyn og hlutdeild.



Atvinnulíf, orka og byggðamál (MR-TILLVÄXT) nefnir hvernig starfið í jafnréttismálahópnum [Nordic Energy Equality Network \(NEEN\)](#) hefur stuðlað að rannsóknum á þessu sviði. Einnig hefur verið rætt um tölfræði um kynjaskiptingu innan orkugeirans og hvaða aðgerða er þörf til að leiðrétta þann halla í pallborðsumræðum, ræðum og á viðburðum.

Félags- og heilbrigðismál (MR-S) skýrir frá því að sviðið hafi við gerð nýrrar samstarfsáætlunar í félags- og heilbrigðismálum fyrir tímabilið 2025-2030 kortlagt kynjagreinda norræna tölfræði á þessu sviði. Hún hefur sýnt fram á mun milli kynjanna, meðal annars hvað varðar upplifun af heilsufari. Konur meta eigin heilsu verr en karlar og ungar stúlkur upplifa lífsgæði og andlega heilsu verr en ungir drengir. Þó fremja fleiri karlar sjálfsmorð. Tölfræðin sýnir einnig, rétt eins og Samþætting hefur bent á, að hlutfall starfandi er lægra meðal kvenna sem ekki eru ESB-borgarar.

Menntun (MR-U) skrifar um áhrifamat Norræna tengslanetsins um nám fullorðinna (NVL) sem gert var í tengslum við gerð nýrrar samstarfsáætlunar. Greiningin sýndi einnig að Norræna tengslanetið um símenntun (NLL, þ.e. hið nýja NVL) getur í framtíðinni sýnt meira frumkvæði í vinnu sinni tengdri kynjum og samtvinnun ólíkra þátta. Þetta á við um hlutdeild og aðgengi í tengslaneti og starfsemi en einnig þau málefnasvið sem tengslanetið fæst við. Áhrifamatið sýndi einnig að leggja þarf meiri áherslu á aðgengi, sérstaklega fyrir fólk með fötlun.

Jafnréttismarkmið og jafnréttismál í ýmsum stefnumótandi skjölum

Níu svið greindu frá því að hjá viðkomandi sviði liggi fyrir skráð markmið í jafnréttismálum. Það er um það bil sami fjöldi og í fyrra. Börn og ungmenni (MR-SAM), Efnahagur og fjármál (MR-FINANS), Alþjóðlegt samstarf og norðurskautssvæðið (MR-SAM), Dómsmál (MR-JUST) og Menntun og rannsóknir (MR-U) svöruðu spurningunni um hvort hjá sviðinu liggi fyrir skráð markmið í jafnréttismálum neitandi. Sjálfbær þróun (MR-SAM) svaraði spurningunni einnig neitandi en skrifaði að jafnréttismál væru hluti af sjálfbærri þróun en hefðu ekki fengið sérstaka áherslu ein og sér.

Í svari við spurningunni um í hvaða stefnumótandi skjöl jafnréttissjónarmiðin væru fléttuð nefndu sviðin skjöl sem eru á mismunandi stigum stjórnkerfisins. Skýrslan sýnir rétt eins og áður að mörg sviðanna hafa yfirgripsmikla stefnu um jafnréttismál í samstarfsáætlunum sínum. Til dæmis hefur ráðherranefndin um menningarmál (MR-K) í [samstarfsáætlun sinni](#) markmiðið „Jafnrétti og inngilding í lista- og menningarlífi sem verði öllum aðgengilegt hvarvetna á Norðurlöndum“. Vinnumál (MR-A) hefur í [samstarfsáætlun sinni](#) sett markmið um að auka jafnræði og jafnrétti á vinnumarkaði. Félags- og heilbrigðismál (MR-S) er annað dæmi og nefnir [Norræna samstarfsáætlun um málefni fatlaðs fólks 2023–2027](#), þar sem jafnrétti er hluti af þverlægu sjónarmiði.



Þau nefna einnig að í fjárveitingarbréfinu til Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar (NVC) hafi verið lögð áhersla á mikilvægi þess að hún taki tillit til þverlægra sjónarmiða og flétti þau inn í starfið. Menningarmál (MR-K) skrifar um sama efni að jafnréttissjónarmið séu hluti af markmiðum flestra samstarfsstofnana og samstarfsaðila sviðsins.

Stafræn umskipti (MR-DIGITAL) nefnir [ráðherrayfirlýsinguna um Digital North 2.0](#), sem inniheldur markmiðið að „stuðla að stafrænni samþættingu, valdeflingu og jafnrétti í samfélögum okkar með því að takast á við kynjabil, færnibil, getubil, mismunun vegna aldurs og bjöguð gögn og gegnum uppbyggingu stafræns trausts, meðvitundar um netöryggi og upplýsingaöryggis í samfélögum okkar“. Frekari dæmi um skráð markmið í jafnréttismálum snúa að hlutdeild. Slík markmið er að finna hjá mörgum sviðanna. Svið stjórnsluhindrana skrifar meðal annars að í [starfsumboði Stjórnsluhindranaráðsins](#) standi að stefnt skuli að jafnri kynjaskiptingu í ráðinu. Það sama á við um samsetningu fulltrúa ráðs Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar, þar sem í starfsreglum hennar kemur fram að „jafnrétti milli kynja hefur mikinn forgang við skipan í ráðið“.

Meirihluti segir þörf á meiri gögnum og þekkingu

12 af 15 sviðum svara því játandi að þörf sé á meiri eða nýrri talnagögnum eða þekkingu á jafnréttismálum hjá viðkomandi sviði. Þetta er aukning frá samantekt síðasta árs, þegar 9 af 15 sviðum sögðu þörf á auknum talnagögnum og þekkingu.

Svið vinnumála (MR-A) nefnir, rétt eins og í fyrra, að mikil talnagögn og þekking séu til staðar um jafnréttismál og vinnumál en að stöðugt þurfi að uppfæra þekkingu á þessu sviði.

Svið barna og ungmenna (MR-SAM) skrifar þau hafi farið yfir [tölfræði um börn og ungmenni](#) með kyngreiningu sem er að finna í [tölfræðigagnagrunni Norrænu ráðherranefndarinnar](#) og veitt því athygli að nokkuð góð tölfræði sé til en að uppfæra þurfi upplýsingar eftir árið 2022.

Sjávarútvegur, landbúnaður, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) vekur athygli á því að tölfræði sem býður upp á greiningu á stöðu jafnréttismála er til í hverju landi en að áhugavert væri að bera saman greiningar milli landanna.

Svið stjórnsluhindrana (MR-SAM) leggur áherslu á, líkt og í fyrra, að allri tölfræði sem stuðlað geti að skilningi á stjórnsluhindrunum sem birtast konum og körlum með mismunandi hætti sé tekið fagnandi. Dæmi er tekið af kynjaskiptri tölfræði varðandi ferðir til og frá vinnu sem gæti varpað ljósi á jafnréttismál með tilliti til hreyfanleika og aðlögunarmála.



Samþætting (MR-SAM) sér þörf á að auka þekkingu á tengingu kvenna sem fæddar eru erlendis við vinnumarkaðinn til að skilja vandann og beina aðgerðum með skilvirkari hætti. Sviðið kallar einnig eftir greiningu á launakjörum kvenkyns flóttafólks miðað við karlmenn með flóttamannsþakgrunn og einnig miðað við karla og konur sem fæðast á Norðurlöndum.

Alþjóðlegt samstarf og norðurskautssvæðið (MR-SAM) kallar eftir hagnýtari jafnréttistölfraði og góðum dæmum til að nota sem innblástur fyrir áframhaldandi vinnu sviðsins.

Menningarmál (MR-K) kallar eftir betri kyngreindri tölfraði um listafólk og starfskjör, starfsmöguleika og efnahag þess. Það sama á við um mögulegan kynjamun að því er varðar þátttöku í menningu og neyslu á menningu.

Umhverfi og loftslag (MR-K) vekur athygli á nauðsyn þess að halda áfram að greina jafnréttissjónarmið fyrir kolefnishlutlaust samfélag, til dæmis hvernig náttúran nýtist mismunandi þjóðfélagshópum.

Atvinnulíf, orka og byggðamál (MR-TILLVÁXT) vekur athygli á nauðsyn þess að halda áfram að taka saman tölfraði og skapa þekkingu líkt og gert var með skýrslunni [Gender equality in the Nordic energy sector](#) frá árinu 2021 sem NEF fjármagnaði. Skýrslan sýndi kynjahalla og skort á jafnrétti og fjölbreytileika í orkugeiranum á Norðurlöndum, í fræðastarfi og hjá stofnunum og orkufyrirtækjum.


Félags- og heilbrigðismál (MR-S) skýrir frá því að starfið samkvæmt áætluninni um norrænt samstarf um málefni fólks með fötlun (2023–2027) haldi áfram og að reglulega verði tekin saman samanburðarhæf talnagögn með kyngreiningu á fjórum sviðum: mismunun, menntun, vinnumál og aðgengi, og að öll talnagögn verði með kyngreiningu. Sviðið nefnir einnig að enn sé áhugavert að greina notkun mismunandi heilbrigðisþjónustu (til dæmis stafrænnar) út frá kynjasjónarmiði.

Svið menntamála (MR-U) minnst stuttlega á mikilvægi talnagagna um menntun með skiptingu eftir kyni.



Sjónarmið jafnréttis fléttuð inn í hina ýmsu ferla

Sviðin gáfu einnig upp í hvaða fagsviðin inn í hvaða ferla jafnréttissjónarmið væru fléttuð, út frá föstum svarmöguleikum.



Mynd 1: Inn í hvaða ferla eru jafnréttissjónarmið fléttuð?

Skýringarmyndin sýnir hve mörg af sviðunum 15 merktu við að hafa fléttað jafnréttissjónarmið í hin ýmsu ferli. Niðurstöðurnar eru að miklu leyti sambærilegar niðurstöður síðasta árs.

Enn er algengast að flétta jafnréttissjónarmið inn í samstarfsáætlun og önnur stefnumótandi skjöl, eins og lýst var hér að undan. Einnig er algengt að flétta þau inn við mótum og framkvæmd verkefna og annarra aðgerða. Í ár segjast mörg svið flétta jafnréttissjónarmið inn eftir ályktun eða mótun málaskjala. Enn segir um helmingur sviðanna að jafnrétti sé hluti af kröfum sem gerðar eru til þeirra sem sækja um styrki í gegnum styrkjakerfi sviðanna. Fimm svið svöruðu því að sjónarmiðin væru hluti af eftirfylgni og mati stefnumótandi skjala. Rétt eins og í fyrra sögðust fá svið hafa fléttað þau inn í stjórn utanaðkomandi aðila eða fjármögnunarferli.



Sjónarmiðið talið hafa meira vægi en á árinu á undan

Í spurningalistanum voru sviðin einnig beðin um að meta hve mikið vægi starfið að því að samþætta sjónarmið jafnréttis hefði fengið árið 2024 miðað við árið 2023. Fimm svið segja að sjónarmið jafnréttis hafa styrkst en önnur segja að vægi þeirra í starfinu sé álíka mikið og áður. Einn svarenda ákvað að svara ekki með vísan til þess að hafa starfað og stutt hjá sviðinu til þess að geta svarað.



Vinnan að væntanlegri samstarfsáætlun hefur aukið vitund um hin almennu sjónarmið, þar á meðal sjónarmið jafnréttis.



4. Aðgerðir og verkefni sviðanna

Eftirfarandi kafli inniheldur samantekt á svörum sviðanna við spurningunni um það hvernig unnið hafi verið að því á sviðinu að flétta jafnréttissjónarmið inn í starfið og hvaða góðu dæmi þau vilja vekja athygli á. Sviðin voru hvött til að gefa heildarmynd af viðeigandi starfsaðferðum, verkefnum, útgefnu efni og annarri viðeigandi starfsemi. Í sumum tilvikum hafa lýsingarnar verið stytta vegna lengdarmarkana.

Vinumál (MR-A) skrifar að jafnréttissjónarmið hafi verið mikilvæg við gerð nýrrar tölfræðiskýrslu. Á tímabilinu hefur Norræna rannsóknastofnunin í skipulags- og byggðamálum (Nordregio) einnig fengið það verkefni að sýna kynjaskiptingu fyrir ýmis mikilvæg gögn á sviði vinnumála (t.d. atvinnu, atvinnuleysi og laun). Einnig er nefnt að jafnréttismál séu ofarlega á dagskrá í starfinu í PIAAC-tengslaneti Norðurlanda og Eystrasaltsríkja.

Samstarfsverkefninu [Kynferðisleg áreitni á vinnumarkaði](#) lauk á tímabilinu, en það var samstarfsverkefni ýmissa sviða. Sviðið nefnir verkefnið [Speak up against sexual harassment \(SUSH\)](#) – hagnýtt rannsóknarverkefni um forvarnir gegn kynferðislegri áreitni. Lögregluyfirvöld í Noregi, Svíþjóð og á Íslandi tóku meðal annars þátt í verkefninu. [Hér](#) má lesa meira um verkefnið, helstu skilaboð og niðurstöður þess.

Svið **barna og ungmenna (MR-SAM)** átti haustið 2023 í samstarfi við ÄK-JÄM í tengslum við ráðstefnu innan áætlunarinnar Nordic Leadership for Gender Equality in Climate Action, þar sem fleiri en 100 ungmenni komu saman. Þær þemavinnustofur sem haldnar voru einblíndu á loftlagsmálefni og voru leiddar af ungum sérfræðingum sem voru valdir til að tryggja jafna skiptingu og að tekið væri tillit til kynjasjónarmiða. Við lok ráðstefnunnar höfðu tíu kröfur um jafnréttismiðuð og réttlát loftslagsumskipti verið unnar. Þar á meðal var mikilvægi þess að fjárfesta í grænum orkulausnum, sprotafyrirtækjum og nýsköpun undir stjórn kvenna og að hvetja fleiri konur og kynsegin fólk til að mennta sig til að starfa í orkugeira framtíðarinnar. [Hér](#) má lesa nánar um niðurstöður vinnunnar.

Einnig styður NORDBUK enn starf við að innleiða [stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um samþættingu sjálfbærrar þróunar, jafnréttis og sjónarmiða réttinda barna og málefna ungmenna](#).

Stafvæðing (MR-DIGITAL) hefur í fyrsta lagið starfað að því að flétta sjónarmið jafnréttis inn á verkefnastigi. Sviðið vekur enn athygli á [NOBID-projektet – Nordiskt-baltiskt samarbete om eID](#), sem ætlað er að auðvelda aðgang að stafrænni þjónustu yfir landamæri og lýst er sem sameiginlegi undirstöðu margra sjálfbærnimarkmiða. Einnig er greint frá verkefni finnsku formenskunnar sem mótaði kerfi fyrir stafvæðingu út frá



grundvallarviðmiðum jafnréttis (markmiði 5 Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna 2030). Gagnaskiptakerfið mun stuðla að jafnrétti með hönnun, með því að greina mögulegan kynjamun. Handbókin sem unnin var að loknu verkefninu er aðgengileg [hér](#). Sviðið lýsir einnig verkefnum [Cyber Battle Nordic-Baltics](#) og [Cybercation](#), röð ólíkra verkefna sem tengjast netöryggi. Langtímamarkmiðið er að jafn margir karlar og konur starfi í netöryggisgeiranum. [Lokaskýrslan](#) í tengslum við verkefni um stafræn mæðravottorð var gefin út í apríl 2024.

Fiskveiðar og fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) nefnir aftur hið skýra verkefni og áhersluna á jafnrétti í [NKJ](#) og [SNS](#). FJLS stóð í samtarfi við svið jafnréttismála í Norrænu ráðherranefndinni fyrir verkefni um jafnrétti í bláa hagkerfinu. Fiskveiðar og fiskeldi eru dæmigerðar starfsgreinar þar sem karlar eru í miklum meirihluta og í [verkefninu Lax og jafnrétti](#), sem lauk í lok árs 2023, var kannað hvaða hindranir væru til staðar fyrir auknu jafnvægi milli kynjanna. Nordregio hefur sett nýtt verkefni á laggirnar sem snýst um hlutverk ungs fólks í matvælakerfinu. Auk ungmenna er í verkefninu lögð mikil áhersla á aukinn fjölbreytileika innan starfsgreinarinnar og að greina ýmsar kerfislægar hindranir. Jafnréttissjónarmið eru mikilvægur hluti af þessu en einnig aukinn fjölbreytileiki ýmissa hópa. Í mars 2024 kom út [skýrsla](#) sem fjallar um hvað til þarf til þess að breyta matarvenjum í norrænu löndunum. Ekki var sérstök áhersla á jafnréttismál í skýrslunni en í henni var skoðað hvernig mismunandi hópar í samfélaginu hafa aðgang að og tækifæri til að neyta sjálfbærs og holls matar. [Samstarfsverkefnið BioEquality](#) heldur áfram og hefur það markmið að stuðla að auknu jafnrétti í lífhagkerfinu.

Samþætting (MR-SAM) vekur athygli á þeirri áherslu sem sviðið leggur nú á hinar krefjandi aðstæður kvenna af erlendum uppruna, sérstaklega þeirra af uppruna utan Evrópu. 12. júní 2024 var haldið málþingið [Paths to gender-equal integration](#) með sænskri formennsku og NIKK tók þátt í því starfi. Aðlögun kvenna er einnig meginþema hinnar árlegu ráðstefnu um aðlögun 11.-12. desember.

Árið 2024 hefur Svíþjóð í formennskutíð sinni lagt sérstaka áherslu á stöðu flóttafólks sem er foreldrar. OECD fékk innan ramma þessa verkefnis það verkefni á árinu 2024 að kanna tækifæri mæðra og feðra sem fæddust erlendis til að ná fótfestu á vinnumarkaði á Norðurlöndum.

Í janúar 2024 kom út skýrslan [Employers' perspectives on hiring immigrants – Experiences from the Nordic countries](#) sem inniheldur meðal annars tillögu um aðgerðir til að stuðla að inngildingunni kvenna á vinnumarkaði.

Verri árangur á meðal drengja fæddra erlendis er einnig nokkuð sem enn er fjallað um, meðal annars á málþingi í Järvaveckan í maí 2024. Menntamál fengu einnig athygli á



árinu með rannsókn á tungumálanámi grunnskólabarna. Norrænar rannsóknir sýna að mikilvægt er fyrir drengi að fá tungumálanám snemma á ævinni.

Alþjóðlegt samstarf og norðurskautssvæðið (MR-SAM) gaf dæmi um verkefni sem stuðla að jafnrétti. Norrænu ráðherrarnir í Líbanon hafa fengið styrk til að vinna að því að efla efnahagsleg áhrif og réttindi kvenna á MENA-svæðinu. Í UN Women og ýmsir kvenkyns líbanskir þingmenn taka meðal annars þátt í samstarfinu. Einnig greinir sviðið frá því að það hafi tekið þátt í og stutt ýmis þverfagleg verkefni á borð við Transforming Futures through Digital Inclusion in Nordic-Baltic Region (sjá Stafræn umskipti hér að ofan) og Nordic Leadership for Gender Equality in Climate Action (sjá Sjálfbærni hér að ofan).

Svið dómsmál (MR-JUST) nefnir að á árinu 2023 hafi það fjármagnað verkefni í vinnu gegn mansali, þar sem skýrt kynjasjónarmið er að finna. Niðurstöður þessa verkefnis er þó ekki aðgengilegar enn.

Meningarmál (MR-K) lýsir því hvernig húsið og stofnunin hefur unnið að því að samþætta jafnréttismál. Norræna menningargáttin (NKK) hefur unnið að því að fræða ytri sérfræðingahópa sína og mun samræma námskeið um þverlæg sjónarmið Norrænu ráðherranefndarinnar, þar á meðal sjónarmið jafnréttis. Tilgangur fræðslunnar er að auka vitund sérfræðingahópanna um jafnréttismál og hugsanlegar skekkjur til að þeir geti tekið betra tillit til þeirra þegar ákvarðanir eru teknar um styrkveitingar.

Sviðið styrkir áfram Norrænu stofnunina á Grænlandi (NAPA) og starf hennar við að bæta aðstæður hbtq+ fólks á Grænlandi. Starfið felur í sér Pride-viðburð í Nuuk 2024 og stuðning við hbtq+ félagið Sipineq+.

Norræna húsið í Færeyjum (NHL) heldur áfram að efla hlutdeild innan listaáætlana. Það er meðal annars gert með því að vekja athygli á fyrirmyndum á sviði lista með kynjahalla, til dæmis kvenkyns kvikmyndaleikstjórum og körlum innan textíllistar. Á meðal annarra dæma sem eru nefnd eru pallborðsumræður um efnið „Konur í stjórnnum“ sem voru haldnar á hinni Færeysku kvikmyndahátíð minnihlutahópa (FIMFF). FIMM stóð einnig fyrir pallborðsumræðum um færeysku þungunarroflögin ásamt Amnesty International.

Hjá Norrænu stofnuninni á Álandseyjum (NIPA) voru 78 viðburðir skipulagðir árið 2023 til að stuðla að aðgengilegu og inngildandi menningarlífi með jafnrétti á Norðurlöndum með miklu listrænu gildi.

Í Norræna húsinu í Reykjavík (NOREY) hafa jafnréttissjónarmið verið fléttuð inn í markmið. Þetta snýst meðal annars um að „[...] þróa Norræna húsið sem opna,



innigildandi og fjölbreytta stofnun og að sá grunnur endurspeglar í allri starfsemi hússins“. Einnig kemur fram að skipuleggja og framkvæma þurfi starfsemi hússins með vitund um samþættingu jafnréttissjónarmiða og hlutdeildar. NOREY hefur einnig það skýra verkefni að vinna og greina kynjagreind talnagögn um samstarfsaðila í menningarlífi, framkvæmdaðila verkefna o.s.frv.

Atvinnulíf, orka og byggðamál (MR-TILLVÁXT) skýrir frá [Share the Care](#) – verkefni sem Nordregio stendur fyrir í gegnum NIKK. Markmiðið er að hækka hlutfall karla í heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum. Nordregio tók árið 2023 við ábyrgð á norræni tölfræði með [sérstökum vísum](#) til að fylgjast með stöðu jafnréttismála á Norðurlöndum. Sviðið nefnir einnig að NEF, í gegnum [tengslanetið NEEN](#), hefur tekið saman lista yfir kvenkyns sérfræðinga innan norræna orkugeirans til að sýna þá víðtæku hæfni sem er til staðar.

Sviðið nefnir einnig Norræna Atlantshafssamstarfið (NORA), sem tryggði gott jafnvægi milli karlskyns og kvenkyns fyrirlesara við skipulagningu ráðstefnu í Sisimiut um heimsmínjaskrá UNESCO.

Nordic Innovation nefnir [Diversity Community of Practice](#), yfirstandandi vinnu með reglulegum stafrænum fundum fyrir þekkingar- og reynslumiðlun í þágu fjölbreytileika og jafnréttis sem einnig er ætlað að efla vinnuna innan þeirra stofnana sem taka þátt. Nordic Innovation skýrir einnig frá því að jafnréttissjónarmið séu hluti af þeim verkefnum sem fá styrkveitingar. Sérstaklega er minnst á [Nordic VC Challenge](#), þar sem kynjavíddin er sérstaklega mikilvægur þáttur, bæði fyrir þátttöku í verkefninu og á ráðstefnum og samskiptum.

Félags- og heilbrigðismál (MR-S) lýsir því hvernig sviði hefur unnið markvisst að samþættingu jafnréttissjónarmiða, m.a. með því að leitast við að tryggja jafna kynjaskiptingu í stýrihópum verkefna, á meðal viðmælenda í rannsóknum og í tengslum við viðburði sem Norðurlandabúum er boðið að taka þátt í. Einnig verður viðleitnin til að hafa jafna kynjaskiptingu framvegis rituð sem staðlað orðalag á sniðmátum sviðsins fyrir umboð tengslaneta og stýrihópa.

Norrænu velferðarmiðstöðinni var í árlegu umboðsbréfi hennar falið að samþætta jafnréttissjónarmið með kerfisbundnum hætti í starfið. Miðstöðin vinnur áfram með líkan sitt með því að fela starfsfólki sérstök verkefni bæði í innra og ytra starfi að því að innleiða [vegvísi Norrænu ráðherranefndarinnar](#) fyrir þverlægu sjónarmiðin þrjú, þar á meðal jafnrétti. Ráðinu um málefni fatlaðra er ætlað að stuðla að skilvirkri inngildingunni fólks með fötlun í samfélaginu og að viðeigandi jafnréttissjónarmið séu rædd í norrænu samstarfi um málefni fólks með fötlun.



Sviðið nefnir einnig verkefnið [Välfärdens resiliens vid framtida kriser i Norden](#). Því er ætlað að varpa ljósi á þætti tengda jafnrétti og beitir það kynjasjónarmiði í tengslum við krísustjórnun í velferðarkerfinu, til dæmis í heilbrigðisþjónustu. [Lokaskýrsla](#) verkefnisins, sem snýst um slæma geðheilsu ungra karla í kjölfar kórónuveirufaraldursins – eins og minnst var á í greinargerð síðasta árs – hefur nú verið gefin út.

Menntamál og rannsóknir (MR-U) lýsir því hvernig tekið var tillit til jafnréttisstarfsins í áhrifamati sem unnið var af Norræna tengslanetinu um nám fullorðinna við undirbúning nýs áætlunartímabils og nýs tengslanets (tengslanet um símenntun).

Sviðið hefur nú einnig hafið norræna verkefnið sem kynnt var í greinargerð síðasta árs. [Futureproofing VET in the Nordics](#) verður í gangi á tímabilinu 2025–2030. Markmið verkefnisins er m.a. að fá ungt fólk á Norðurlöndum til að taka þátt í umræðunni og að finna lausnir á því hvernig gera megi starfsmenntun að meira aðlaðandi kosti. Sjónarmið fjölbreytni og kynja eru einnig hluti ef þessu starfi.

MR-U nefnir einnig [auglýsingu Nordforsk](#) um rannsóknir á grænum umskiptum. Undirþemu auglýsingarinnar eru þrjú, þar af snýst eitt um kynjasjónarmið í grænum umskiptum til að þau verði réttlát, skilvirk og sjálfbær. Búist er við að niðurstöður auglýsingarinnar liggi fyrir í júní 2024.

Samskiptasvið greinir frá því hvernig það notar viðmiðunarreglur og stýrispurningar til að tryggja að tekið sé tillit til jafnréttissjónarmiða í starfseminni. Það tryggir einnig að allir samskiptavettvangar styðji markmið Norrænu ráðherranefndarinnar í tengslum við jafnrétti, svo sem hvað varðar kynjahlutföll.

Svið **stjórnsýsluhindrana (MR-SAM), umhverfis og loftslags (MR-K) og efnahags- og fjármála (MR-FINANS)** lýsa því hvernig þau vinna að jafnrétti sem samtvinnuðum hluta af starfseminni, til dæmis við greiningarvinnu og skipulagningu ráðstefna.



Jafnrétti í tengslum við styrki og styrkjakerfi

Sviðin nefndu einnig dæmi um styrkjakerfi þar sem gerð er krafa um jafnréttissjónarmið þegar sótt er um styrki. Meðal annars snýst það um kröfuna um að gera grein fyrir hlutfalli karla og kvenna á meðal þátttakenda eða almennari kröfu um að gerð sé grein fyrir virku jafnréttisstarfi. Í mörgum tilfellum eru þær kröfur gerðar til þeirra sem sækja um styrki að þeir bæði í umsókn og við skýrslugjöf fjalli um verkefni sín út frá jafnréttissjónarmiði. Dæmi um skrif af þessu tagi má finna í tengslum við styrki í gegnum [Nordic Innovation \(MR-TILLVÁXT\)](#), áætlunina [Prosperous Future \(alþjóðlegt samstarf og Norðurskautssvæðið\)](#), [svið menningarmála \(MR-K\)](#) og [svið málefna barna og ungs fólks \(MR-SAM\)](#).

Svið menningarmála (MR-K) lýsir því ítarlega hvernig NKK, sem úthlutar styrkum innan sviðsins, vinnur að því að auka og fylgja eftir jafnrétti. Fyrir þær áætlanir sem beinast að einstaklingum spyr NKK til dæmis um kyn (karl, kona, ótilgreint). Þannig er hægt að taka saman tölfræði og nota til grundvallar við ákvarðanatöku sem leiðir til jafnari kynjaskiptingu meðal styrkþega. NKK spyr einnig hvort umsækjandi taki tillit til jafnréttissjónarmiða í verkefninu og vísar til viðmiðunarreglna Norrænu ráðherranefndarinnar um samþættingu sjónarmiða sjálfbærrar þróunar, jafnréttis og barna og ungmenna. Umsækjendur eru beðnir um að gera grein fyrir því hvernig verkefni þeirra geti stuðlað að auknu jafnrétti milli kynjanna. Spurningin er endurtekin í lokaskýrslunni, þar sem styrkþegar eru beðnir um að gera grein fyrir útkomunni.

Alþjóðlegt samstarf og norðurskautssvæðið

(MR-SAM) greinir frá því að samþætt jafnréttissjónarmið sé mikilvægt skilyrði fyrir því að fá verkefnastyrk úr alþjóðlegum styrkjaáætlunum á vegum MR-SAM. Sviðið hefur einnig komist að því að ábyrgðaraðilar verkefna hafa mjög mismunandi innsýn og reynslu af jafnréttisstarfi, ekki síst vegna mismunandi samhengis í löndunum sem verkefnin eru tengd.



Það er áskorun fyrir umsækjendur að skýra hvernig jafnréttismálum er háttað í verkefnaumsóknum.

Atvinnulíf, orka og byggðamál (MR-TILLVÁXT) skrifar að NORA hafi greint verkefni sem hafa fengið styrki síðastliðin fimm ár. Greiningin sýndi meðal annars að 51 prósent verkefnastjórnenda voru konur og 49 prósent karlar.

Sjávarútvegur, landbúnaður, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) nefnir að allir aðilar og verkefni sem fá styrki frá SNS og NKJ verða að vinna að jafnrétti. Svið **vinnumála (MR-**



A) notar svipað orðalag og leggur áherslu á að allir aðilar sem taka við styrkjum frá sviðinu þurfi að taka tillit til jafnréttissjónarmiða.



5. Fyrirsvar í nefndum og starfshópum

Sviðin voru beðin um að gera grein fyrir kynjaskiptingu á milli karla og kvenna í hinum ýmsu nefndum og starfshópum. Í samþættingarstefnunni felst að í öllum hópum og nefndum skuli leitast við að hafa jafna kynjaskiptingu sem nemur 40–60 prósentum, þannig að það kyn sem hallar á skuli að lágmarki vera 40 prósent.

Eftirfarandi tafla sýnir kynjaskiptingu innan embættismannanefndar Norrænu ráðherranefndarinnar. Niðurstaðan sýnir að embættismannanefndir Norrænu ráðherranefndarinnar samanstanda í heildina 42 prósent af körlum og 58 prósent konum. Innan einstakra embættismannanefnda er kynjaskiptingin þó mismunandi. 4 af 16 nefndum samstanda af fleiri körlum en konum. Í 11 embættismannanefndum hefur kyn færri fulltrúa minna en 40 prósent hlutdeild. Í helmingi nefndanna er kynjahlutfall meira en 10 prósentustigum frá 40/60-meginreglunni. Þær eru merktar með stjörnu (*).

Embættismannanefnd	Fjöldi þátttakenda	Hlutfall karla	Hlutfall kvenna
Norræna samstarfsnefndin*	8	25%	75%
Embættismannanefndin um vinnumál	15	60%	40%
Embættismannanefndin um efnahags- og fjármál*	8	75%	25%
Embættismannanefndin um sjávarútveg, landbúnað, matvæli og skógrækt	21	48%	52%
Embættismannanefndin um matvæli*	12	25%	75%
Embættismannanefndin um fiskveiðar og lagareldi	16	63%	38%
Embættismannanefndin um landbúnað og skógrækt	16	50%	50%
Embættismannanefndin um dómsmál*	8	25%	75%
Embættismannanefndin um jafnrétti og hinsegin mál*	13	15%	85%
Embættismannanefndin um menningarmál*	17	18%	82%
Embættismannanefndin um umhverfis- og loftslagsmál	8	50%	50%
Embættismannanefndin um orkumál	8	50%	50%
Embættismannanefndin um byggðamál	14	36%	64%
Embættismannanefndin um vinnumál*	8	75%	25%
Embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál	23	39%	61%
Embættismannanefndin um menntun og rannsóknir*	10	30%	70%
	205	42%	58%



Eftirfarandi tafla sýnir kynjaskiptingu í ýmsum nefndum, og hópum sem sviðin hafa gefið upplýsingar um. Niðurstöðurnar sýna enn að í flestum þeim nefndum og starfshópum sem sviðin gerðu grein fyrir eru fleiri konur en karlar. Þátttakendur í starfshópnum sem sviðin gáfu upplýsingar um voru í heildina 37 prósent karlar og 63 prósent konur. Í 20 hópum af 52 var kynjahlutfall meira 10 prósentum eða meira frá 40/60-meginreglunni (merkt með *).

	Fjöldi þátttakenda	Hlutfall karla	Hlutfall kvenna
Vinnumál (MR-A)			
Vinumarkaðsnefndin	14	43%	57%
Vinnuumhverfisnefndin	18	33%	67%
Vinnuréttarnefndin*	11	18%	82%
Stjórn NIVA	5	40%	60%
Fjárhagshópur undir ÁK-A	6	67%	33%
Börn og ungmenni (MR-SAM)			
NORDBUK*	28	29%	71%
Stafræn umskipti (MR-DIGITAL)			
Nefnd háttsettra embættismanna um stafvæðingu*	11	73%	27%
NOBAREG – Nordic-Baltic Regulatory Group	11	45%	55%
Nordic-Baltic 5G sérfræðingahópur	11	36%	64%
Áætlunarnefnd Cross-Border Digital Services	11	64%	36%
Efnahagur og fjármál (MR-FINANS)			
Nordic Economic Policy Review Steering Committee	9	67%	33%
Fiskveiðar og fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt (MR-FJLS)			
Sérfræðingahópurinn um sjálfbær og heilbrigð matvælakerfi+	10	20%	80%
Healthy, Safe and Sustainable Diet (HSSD)*	12	25%	75%
Nordic-Baltic Committee on Food Analysis (NMKL)	77	31%	69%
Hópur Norðurlanda og Eystrasaltsríkja um viðbúnað í dýralækningum (NMDD)*	12	0%	100%
Ný norræn matargerð*	7	14%	86%
Stjórn NKJ	9	56%	44%
Norræni starfshópurinn um matvælastjórnun og upplýsingar til neytenda (NMF)*	7	14%	86%
Stjórn SNS	11	45%	55%
Stjórnsýsluhindranir (MR-SAM)			
Stjórnsýsluhindranaráðið*	10	70%	30%
Sjálfbær þróun (MR-SAM)			
Norræni sérfræðingahópurinn um sjálfbæra þróun	11	45%	55%
Stýrihópur verkefnisins Not "Just" a Green Transition	9	33%	67%



Stýrihópur verkefnisins Sjálfbær lífsstíll á Norðurlöndum*	14	21%	79%
Aðlögunarmál			
Nordic Capital Forum	5	60%	40%
Nordic Migrant Expert Forum	16	50%	50%
Norræni sérfræðingahópurinn um aðlögun að vinnumarkaði (Norræna velferðarmiðstöðin)	11	27%	73%
Ráðgjafarhópurinn (embættismenn frá ráðuneyti sem ber ábyrgð á aðlögun flóttafólks og innflytjenda)*	5	20%	80%
Nordic Network for Language Training at Ministerial Level*	5	0%	100%
Alþjóðlegt samstarf og norðurskautssvæðið (MR-SAM)			
Ráðgjafahópur vegna grannsvæða Norðurlanda	5	60%	40%
Norræn ráðgjafarnefnd um málefni Norðurslóða*	7	0%	100%
Dómsmál (MR-JUST)			
Starfshópur um mansal*	5	20%	80%
Menningarmál (MR-K)			
Stjórn NAPA	5	60%	40%
Stjórn NIPÁ	4	50%	50%
Stjórn NKK	5	40%	60%
Stjórn Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins	10	50%	50%
Stjórn NOREY	5	60%	40%
Stjórn NHL	7	29%	71%
Atvinnulíf, orka og byggðamál (MR-TILLVÄXT)			
Stjórn NEF	6	50%	50%
Nefnd NORA	12	50%	50%
Stjórn Nordregio	12	58%	42%
Ferðaþjónustuhópurinn	13	31%	69%
Félags- og heilbrigðismál (MR-S)			
Ráð Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar	7	43%	57%
Nordic Medico-Statistical Committee (NOMESKO)	21	33%	67%
Nordic Social-Statistical Committee (NOSOSKO)	25	56%	44%
NVC-ráðið	13	31%	69%
Ráðið um málefni fatlaðra*	30	27%	73%
Menntun og rannsóknir (MR-U)			
Tímabundinn starfshópur um endurskoðun tungumálafirlýsingarinnar	10	40%	60%
Tímabundinn starfshópur um rannsóknir	8	63%	38%
Tímabundinn starfshópur um undirbúning norrænnar áætlunar um símenntun	10	30%	70%
Fjárhagshópur MR-U*	7	29%	71%
Tímabundinn starfshópur um nýja samstarfsáætlun 2025–2030*	7	29%	71%
Áætlunarnefnd Nordplus*	29	24%	76%



6. Starf MR-JÄM á tímabilinu

Í eftirfarandi kafla er fjallað um vinnu ráðherranefndarinnar um jafnrétti og hinsegin mál á grundvelli [norrænnar samstarfsáætlunar í jafnréttismálum 2019–2024](#) og fjórum áherslusviðum hennar ásamt viðbótartexta um hinsegin mál.

1. Vinnumarkaður framtíðarinnar og hagvöxtur

Árið 2023 hafði íslenska formennskan frumkvæði að víðtækri kortlagningu launa og launamunar á Norðurlöndum. Hún felur einnig í sér úttekt á lögum og mat á starfsgreinum þar sem konur eða karlar eru í miklum meirihluta. Niðurstöður könnunarinnar munu liggja fyrir á haustdögum 2024.

Niðurstöður verkefnanna fimm í [rannsóknaráætluninni um kynferðislegri áreitni á vinnumarkaði](#), sem lýst var í greinargerð síðasta árs, voru kynnar í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Osló. Fyrirbyggjandi aðgerðir og inngrip voru í forgrunni á ráðstefnunni.

MR-JÄM tók þátt í kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í mars 2024 ([CSW68](#)) með samnorrænni áherslu á efnahagslegt jafnrétti. Umræðurnar snerust meðal annars um jöfn laun, kynjaskiptan vinnumarkað og foreldraorlof sem og þátttöku karla í jafnréttismálum. Áætlunin innihélt pallborð norrænna ráðherra og pallborð Eystrasaltsríkja og Norðurlanda sem og fund með UN Women og svonefndum leiðtogafundi.

2. Velferð, heilsa og lífsgæði

Pallborði ráðherra um ofbeldi og áreitni á netinu sem haldið var í CSW67 í mars 2023 var fylgt eftir með vitundarvakningarátaki sem beindist að ungu fólki að frumkvæði íslensku formenskunnar í MR-JÄM.

Í september 2022 samþykktu jafnréttisráðherrarnir vegvísinn [Pushing back the push-back: Nordic Roadmap on advancing gender equality, women's and girls' rights, and equal rights of LGBTI-persons, 2022–2024](#). Vegvísinum er ætlað að ýta undir jafnrétti, réttindi kvenna og stúlkna og jafnan rétt til handa hinsegin fólki á alþjóðavísu. Einnig vekur hún athygli á mikilvægum sviðum þar sem þróunin hefur verið neikvæð á alþjóðavísu og þar sem Norðurlönd geta staðið vörð um jöfn réttindi allra. Áherslusviðin þrjú í áætluninni eru heils, ofbeldi og mismunun.



Árið 2023 fjármagnaði MR-JÄM meðal annars ráðstefnu í Reykjavík sem beindist að norræna hinsegin samfélaginu og fjallaði um þátttöku og miðlun á reynslu. Einnig var hafið samstarf milli norrænu ráðherranna í Síle og Póllandi.

3. Völd og áhrif

Áætlun MR-JÄM, Nordic Leadership for Gender Equality in Climate Action 2023, var framkvæmd í þeim tilgangi að stuðla að jafnrétti í tengslum við græn umskipti. Áætlunin leiddi af sér þekkingarbanka sem var opnaður á COP28, ungmennaráðstefnu Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í miðstöð Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn og viðburð á COP28 sem snérist meðal annars um græn umskipti á vinnumarkaði. Í apríl 2024 var kom út skýrslan [A review of the Nordic implementation of the UNFCCC Gender action plan](#), niðurstaða samstarfs MR-MK og MR-JÄM við að kortleggja samþættingu og jafnrétti í loftslagsmálum. Skýrslan fjallar meðal annars um kynjajafnvægi, hlutdeild og forystu kvenna.

4. Jafnréttisstarf með áherslu á karla og karlmennskuímyndir

Lokaskýrsla [verkefnis um slæma geðheilsu ungra karla](#), sem minnst var á í greinargerð síðasta árs, hefur nú verið gefin út. [Unga mäns psykiska ohälsa i Norden – En forskningsöversikt om psykisk hälsa i relation till utbildning, arbetsliv och pandemi.](#)

Einnig hefur MR-JÄM lagt áherslu á jöfn réttindi, meðferð og tækifæri fyrir hinsegin fólk á Norðurlöndum samkvæmt norrænni samstarfsáætlun um hinsegin mál 2021–2024. Áfram hefur verið lögð áhersla á líf skjör eldra hinsegin fólks og fundi með heilbrigðis- og umönnunarþjónustu á Norðurlöndum. Í lok árs 2023 var gefin út [norræn skýrsla um þetta efni](#) og málþing haldið fyrir vísindamenn, félagasamtök, stofnanir og sérfræðinga á Norðurlöndum.

Önnur [þekkingarsamantekt um starfskjör transfólks á Norðurlöndum](#) sýnir að margar af þeim hindrunum sem transfólk stendur frammi fyrir á vinnumarkaði eru vegna þröngra viðmiða sem endurspeglast bæði í ráðningarferli, vinnuumhverfi og tækifærum til starfsferilsþróunar.

Norræni jafnréttissjóðurinn og Norræni LGBTI-sjóðurinn

Ýmis verkefni hafa verið styrkt innan ramma [Norræna jafnréttissjóðsins](#) og [Norræna LGBTI-sjóðsins](#). Kynferðisleg misneyting á internetinu, jafnréttismál í Sápí og jafnrétti í norræna orkugeiranum eru sum þeirra verkefna sem hafa verið fjármöggnuð með styrkjum frá Norræna jafnréttissjóðinum og sem eiga þar með að stuðla að auknu



jafnrétti á Norðurlöndum. Norræni LGBTI-sjóðurinn hefur fjármagnað samstarfsverkefni um m.a. umönnun barna og ungmenna í skólum, efnahagslegt jafnrétti transfólks og LGBTI og öldrun á Norðurlöndum.

Útgefið efni

Einnig komu út ýmsar skýrslur og rit á tímabilinu 2023–2024. Hér að neðan eru nokkur dæmi sem einnig eru nefnd fyrir í skýrslunni.

- [Transpersoners arbetslivsvillkor i Norden](#)
- [Förebygga sexuella trakasserier i arbetslivet – Nordisk forskningssatsning 2021–2023](#)
- [Ensuring gender equality in Nordic blue economy](#)
- [Policy brief: A review of the Nordic implementation of the UNFCCC Gender Action Plan](#)
- [Young men's mental ill-health in the Nordics](#)



7. Niðurstöður

Líkt og greinargerð síðasta árs bregður þessi greinargerð í megindráttum upp jákvæðri mynd af vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar að jafnréttismálum og innleiðingu sjónarmiða jafnréttis í starfseminum. Greinargerðin sýnir eftirfarandi:

- Öll svið geta nefnt dæmi um það hvernig þau unnu að jafnrétti eða fléttuðu jafnréttissjónarmið inn í skipulag og framkvæmd verkefna og gerð samstarfsáætlana og annarra miðlægra skjala. Greina mátti í svörum sumra sviðanna að Norræna ráðherranefndin hefur verið í fasa þar sem unnið hefur verið að nýrri samstarfsáætlun. Tvö svið nefna til dæmis hvernig áhrifamat gagnaðist þeim með beinum hætti við að samþætta jafnréttissjónarmið inn í vinnuna að nýju áætluninni.
- Jafnréttissjónarmið eru að verða sífelld samofnari þáttur hinna ýmsu styrkja, framlaga og auglýsinga Norrænu ráðherranefndarinnar. Styrkþegar þurfa að veita upplýsingar og gefa lýsingar bæði í umsóknum og skýrslum sem gera kleift að greina niðurstöður veittra styrkja út frá jafnréttissjónarmiði. Þó er mikilvægt að halda áfram að bæta getu styrkþega til að flétta jafnréttissjónarmið inn í störf sín. Þannig getur vinnan að jafnréttismálum innan Norrænu ráðherranefndarinnar fengið aukið vægi og haft áhrif í þeim verkefnum og aðgerðum sem fá styrki.
- Helmingur fagsviðanna greinir enn frá því að þau hafi unnið ítarlegri greiningar á starfsemi sinni út frá jafnréttissjónarhorni og sett sviðinu sérstök markmið í jafnréttismálum. Um leið kallar meirihluti fagsviðanna (12 af 15) eftir auknum gögnum og þekkingu um jafnrétti innan síns starfssviðs. Niðurstöðurnar má túlka með mismunandi hætti. Þær gætu gefið til kynna aukna áherslu á jafnréttismál í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar. Með aukinni greiningarvinnu gera sífelld fleiri svið sér nú grein fyrir því hvaða þekkingar og talnagagna er þörf fyrir mismunandi tegundir ítarlegra greininga. Það getur einnig verið merki um óskipulagða greiningarvinnu þegar þörf fyrir ítarlegri greiningu á mismunandi jafnréttisvandamálum stendur í vegi fyrir beinum aðgerðum til að koma í veg fyrir eða ráða bót á þekktum áskorunum. Á heildina litið er mikilvægt að fylgjast með því hvernig eftirspurn eftir aukinni þekkingu og tölfræði þróast með tímanum. Einnig er fagsviðum sem kalla eftir aukinni þekkingu og tölfræði skylt að tryggja að slík þekking og tölfræði sé unnin á sviðum þar sem sameiginlega norræna hagsmuni er að finna. Aukin þekking á og notkun á jafnréttisvísunum í [Nordic Statistics-gagnagrunninum](#) mun gefa aukna innsýn og greiningu fyrir vinnu fagsviðanna að samþættingu. Mörg svið



þurfa einnig að gera kerfisbundna greiningu á starfi sínu út frá sjónarmiði jafnréttismála og útbúa markmið í jafnréttismálum.

- Árleg samantekt sýnir að markmiðið um jafna 40-60 prósent kynjaskiptingu, að kynið í minnihluta hafi a.m.k. 40 prósent hlutdeild, hefur ekki náðst. Í flestum hópunum er kynjaskiptingin nokkuð jöfn en enn eru hópar innan ýmissa sviða þar sem samsetningin nær ekki 40/60-markmiðinu. Þess vegna er mikilvægt að komast að því hvernig Norræna ráðherranefndin getur beint samsetningu nefnda og starfshópa í átt að auknu jafnrétti.

Ef skoðað er hvaða málefnum sviðin unnu að á tímabilinu sést að atvinnulífstengingin er greinileg í skýrslu þessa árs, líkt og í fyrra. Til dæmis má nefna verkefni að því að vinna gegn kynjuðu vali á námi og starfsgrein, m.a. innan greina á borð við heilbrigðisþjónustu og fiskveiðar og fiskeldi. Enn er lögð áhersla á að auka atvinnulífspáttöku einstaklinga sem standa utan langt vinnumarkaðarins, til dæmis kvenna sem fæddar eru erlendis. Einnig er áhersla lögð á námsárangur og geðheilsu drengja og ungra karlmannna. Einnig eru dæmi um réttinda- og jafnræðismálefni, til dæmis fyrir hinsegin fólk. Í lýsingum á starfi sviðanna er einnig að finna lýsingar á því hvernig svið hafa unnið að jafnréttismálum sem samþættum hluta vinnunnar að grænni og loftlagsvænni Norðurlöndum. Mörg þeirra lýsa því hvernig þau vinna enn að því að efla jafnréttissjónarmið í daglegu starfi bæði í eigin starfsemi og hjá aðilum og verkefnum sem sviðin styðja.

Á næsta samstarfstímabili (2025–2030) verður einnig mikilvægt að leggja áherslu á þær áskoranir sem fagsviðin benda á. Það snýst meðal annars um kynjaskiptingu á vinnumarkaði og vinnuna að því að draga úr staðalímyndun kynjanna á sviðum á borð við stafræna væðingu og gervigreind, sem og samþættingu jafnréttis í tengslum við græn umskipti.

Á heildina litið starfar Norræna ráðherranefndin að mörgu leyti og innan margra sviða á hátt sem er í góðu samræmi við [stefnuna](#). Um leið er ljóst að mjög mismunandi er hversu umfangsmiklar og ítarlegar skýrslur sviðanna eru. Munurinn getur stafað af því hve metnaðarfull sum sviðin hafa verið við upplýsingagjöf en einnig af skýrum mun á aðferðum sviðanna við að flétta sjónarmið jafnréttis inn í starfsemina. Þess vegna er mikilvægt að halda áfram að tryggja samþættingu jafnréttissjónarmiða með sambærilegum hætti í allri Norrænu ráðherranefndinni bæði hvað varðar framkvæmd og endurskoðun. Aðeins þegar öll svið Norrænu ráðherranefndarinnar taka tillit til jafnréttismála á meðvitaðan og kerfisbundinn hátt getum við í sameiningu náð markmiðinu um að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030.